

Minnisblað

Til Helga Hjörvars, formanns efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Frá: Ríkisskattstjóra

Dags: 13. nóvember 2012.

Þann 9. nóvember 2012 barst ríkisskattstjóra erindi frá Eiríki Áka Eggertssyni, nefndarritara efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, fyrir hönd Helga Hjörvars, formanns nefndarinnar, þar sem óskað var eftir tillögum til breytinga á lögum um ársreikninga, í samræmi við sjónarmið sem fram koma í grein um skil á ársreikningum sem birtist í Viðskiptablaðinu 4. október 2012.

Til álita koma tvö mismunandi ný úrræði vegna vanskila á ársreikningum, annars vegar að heimilt verði að beita stjórnarmenn fjársektum og hins vegar að afskrá félög skili þau ekki ársreikningum, en bæði þessi úrræði er að finna í sambærilegri löggjöf í Danmörku og Noregi. Þannig er lögð til breyting á 28. gr. frumvarps, þskj. 94. – 94. mál um breyting á lögum um ársreikninga nr. 3/2006, þannig að ógreiddar sektir vegna vanskila á ársreikningum falli eftir tiltekinn tíma á stjórnarmenn. Ennfremur að 83. gr. ehfl. nr. 138/1994 verði umorðuð þannig að hlutafélagaskrá öðlist heimild til að afskrá félög vegna vanskila á ársreikningum til ársreikningaskrár.

Sektir á stjórnarmenn

Í dag eru sektir vegna vanskila á ársreikningum lögð á félögin sjálf. Upphæðin er 250.000 kr. við fyrstu vanskil, en við áframhaldandi vanskil er beitt 500.000 kr. fyrir hvert ár. Getur komið upp sú staða að félög séu sektuð ár eftir ár en ársreikningur skili sér þó aldrei, eða þá að félög greiði einfaldlega sektina án þess að skila ársreikningi. Það, að færa sektir yfir á stjórnarmenn, myndi vonandi auka líkurnar á að ársreikningum sé skilað en kæmi ekki í veg fyrir að sekt sé greidd án þess að ársreikningi sé skilað.

Til álita kæmi því að byggja á sektarbeitingum dönsku og norsku ársreikningalaganna þar sem sektirnar fara stighækkandi þar til ársreikningi er skilað. Jafnframt að bregðist ekki félagið við innan ákveðins tíma er það sent í skiptarétt og afskráð. Í Noregi gildir að hafi álagðar sektir ekki verið greiddar innan 3 vikna fellur ábyrgð á álögdum sektum óskipt á stjórnarmenn. Í Danmörku beinist sektarákvörðun í upphafi að hverjum einstökum meðlim í æðstu stjórn félags. Gildandi sektarákvæði í íslensku ársreikningalögum eru frekar ný og einhver ástæða fyrir því að löggjafinn ákvað að fara ekki sambærilega leið og nágrannalöndin. Sé nú hins vegar vilji fyrir því að halda sektarákvæðum í ársreikningalögum óbreyttum en hafa þann möguleika að sektir falli á stjórnarmenn sé ársreikningi ekki skilað og sekt ekki greidd, þarf að bæta málsgrein þess efnis inn í 126. gr. laga um ársreikninga. 28. gr. frumvarpsins tekur til breytinga á þeirri grein laganna og því mætti bæta þessu úrræði þar inn.

Afskráning félaga vegna vanskila á ársreikningi

Á sínum tíma var talið að sú aðferð við afskráningu að hlutafélagaskrá sendi félög í skiptarétt gæti verið mjög kostnaðarsöm. Var í þess stað sett ákvæði í hlutafélagalög er heimilar hlutafélagaskrá að afskrá félög við ákveðin skilyrði (sjá t.d. 83. gr. ehfl. og 108. gr. hfl.). Í athugasemdum með þessari grein í frumvarpinu sagði m.a.:

„Þykir ekki ástæða til þess með tilliti til opinberra hagsmuna að viðskiptaráðherra eða hlutafélagaskrá standi straum af svo miklum kostnaði vegna aðgerða sem miða að því að óvirk hlutafélög verði á endanum afskráð. Hitt þykir réttara að gefa kost á möguleika á afskráningu með einfaldri en þó öruggum hætti. Afskráning yrði ein tegund félagsslita. Breytingartillagan tekur samt ekki einungis til þess

ef hlutafélag er án starfandi stjórnar eða endurskoðanda heldur líka til þeirra tilvika að hlutafélagaskrá telji hlutafélag hafa hætt störfum eða félagið sinnir ekki tilkynningaskyldu sinni til skrárinnar.“

Hlutafélagaskrá er því veitt heimild að lögum til þess að afskrá félag við ákveðnar félagaréttarlegar aðstæður, m.a. á grundveili upplýsinga frá ársreikningaskrá, og auðvelt væri að breyta lögnum þannig að vanskil til ársreikningaskrár falli einnig þarna undir. Þrátt fyrir þessa lagaheimild hefur hlutafélagaskrá beitt ákvæðinu af mikilli varfærni þar sem ekki verður fyllilega af því ráðið hvernig skuli við þessar aðstæður fara með eignir og skuldir félags. Tíi eru dæmi um afskráningu félags sem árum saman hafði ekki skilað skattframtölum, ársreikningum og öðrum upplýsingum til RSK, en síðar kom í ljós að félagið átti yfir tugi milljóna í eignir og óvíst hvað um þær eignir varð. Sama getur átt við um tugi milljóna skulda. Er því mjög mikilvægt að skýrt liggi fyrir, þegar hlutafélagaskrá beitir þessu lagaákvæði, hvaða réttaráhrif fylgja gagnvart eigendum og hvernig skuli fara með eignir og skuldir félagsins. Eðlilegast væri að eignir og skuldir færist yfir á hluthafa og er það í samræmi við dóm Hæstaréttar nr. 151/1993 þar sem hluthafar voru gerðir ábyrgir fyrir skuldum hlutafélagsins, m.a. á grundvelli þess að félagið sinnti ekki skyldu sinni til uppiýsingargjafar til opinberra aðila og því væri um málamyndafélag að ræða. Vert er einnig að hafa í huga ákvæði 83. gr. a. ehfl., sem heimilar hluthöfum í skuldlausu félagi að slíta því með yfirlýsingu til hlutafélagaskrár án aðkomu skiptaréttar, en þá bera þeir óskipta ábyrgð á skuldum félagsins eftir að yfirlýsing hefur verið afhent. Þá er tekið fram að úthluta skuli til hluthafa þeim eignum sem eftir standa.

Í Danmörku og Noregi eru félög send í skiptarétt skili þau ekki ársreikningi eftir að félagið hefur fengið viðvörðun og stjórnarmenn verið sektaðir. Vert er að nefna að í þessum löndum er meginreglan sú að félög eru send í skiptarétt standi þau ekki skil á upplýsingum til opinberra aðila, t.d. fyrirtækjaskrár. Því eru félög send í skiptarétt ef þau eru ekki með skráða stjórn, uppfylla ekki skilyrði laga um kynjakvóta o.s.frv.

Yrðu ákvæði umræddra lagagreina hert í samræmi við framanritað, þá myndi það veita hlutafélagaskrá mikilvæg úræði, s.s. í baráttunni við kennitölufلاك, þar sem hluthafar í félögum yrðu líklegri til að setja félög sjálfviljugir í gjaldþrotaskipti í stað þess að eiga á hættu að skuldirnar færast yfir á þá sjálfa. Formleg uppgjöf til gjaldþrotaskipta gæfi skiptastjórum jafnframt tækifæri til að grípa fyrr inn í ólögsmætar eignatilfærslur. Einnig yrði þetta hlutafélagaskrá gott verkfæri þegar ákvæði um kynjakvóta taka gildi í september 2013, en í dag hefur skráin engin úrræði ákveði félög að hunsu þau lög. Afskráningar að frumkvæði hlutafélagaskrár yrðu markvissari, t.a.m. gagnvart þeim 3.000 félögum sem hafa ekki skilað skattframtölum né ársreikningum árum saman, og eru ýmist hætt störfum eða forráðendur hunsu meðvitað skyldu sína til að veita upplýsingar til RSK.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra

Hjálagðar eru tillögur að lagabreytingum.

Tillögur að breytingum á lagaákvæðum

Ársreikningalög nr. 3/2006

Við 28. gr. frumvarps um breyting á ársreikningalögum nr. 3/2006, þskj. 94. - 94. mál - 141. löggjafarþing 2012-2013 komi eftirfarandi breyting:

Sé sektarfjárhæð ekki greidd og ársreikningi hefur ekki verið skilað innan 3 mánaða frá tilkynningu sektarfjárhæðar bera stjórnarmenn óskipta ábyrgð á greiðslu gjaldfallinnar fésektar.

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994

Ákvæði hér á landi um afskráningu félaga að frumkvæði hlutafélagaskrár eru samhljóða í nánast öllum lögum um félagiform (ehf./hf./sv.). Umorða mætti 83. gr. ehfl. með eftirfarandi hætti til þess að mæta ofangreindum markmiðum, sjá innfærða skáletrun í gildandi lagatexta:

83.gr.

(1.mgr) Ef hlutafélagaskrá telur sig hafa upplýsingar um það, m.a. frá ársreikningaskrá, að einkahlutafélag hafi hætt störfum, félagið er án starfandi stjórnar, endurskoðanda eða skoðunarmanns eða það sinnir ekki tilkynningaskyldu sinni til skrárinnar *eða ársreikningaskrár*, skal skráin senda þeim sem eru í fyrirsvari fyrir félagið samkvæmt skráningu þess ellegar síðast skráðum stjórnarformanni eða stjórnarmönnum aðvörun þess efnis að félagið verði afskráð úr hlutafélagaskrá komi ekki fram upplýsingar innan þess frest sem skráin setur er veiti líkur fyrir því að félagið starfi áfram *og skili jafnframt nauðsynlegum upplýsingum af því tilefni til skrárinnar og ársreikningaskrár*.

(4. mgr.). Þótt einkahlutafélög hafi verið fellt niður af hlutafélagaskrá samkvæmt þessari grein breytir það í engu persónulegri ábyrgð er stjórnar- eða félagsmenn kunna að vera í vegna skuldbindinga félagsins. *Brottfelling af hlutafélagaskrá á grundvelli þessarar lagagreinar hefur jafnframt í för með sér persónulega einfalda ábyrgð hluthafa á skuldum félagsins og þar með afnám takmarkaðrar ábyrgðar þeirra gagnvart skuldbindingum félagsins.*